


Kortavelta erlendra ferðamanna í júlí

## Mesta velta en minnsti vöxtur erlendra greiðslukorta í júlí

Í júlí síðastliðnum nam erlend greiðslukortavelta 33,2 milljörðum króna og hefur aldrei verið hærrí. Verulega hefur þó dregið úr þeim mikla vexti sem hefur verið í kortaveltu erlendra ferðamanna undanfarin misseri en vöxtur kortaveltu erlendra ferðamanna var 4,7% frá júlí í fyrra. Undanfarna þrjá mánuði hefur kortaveltan vaxið að meðaltali um 5,5% borið saman við sama tímabil í fyrra. Til samanburðar var ársvöxtur tólf mánaða tímabilsins þar á undan 39%.



Mestur vöxtur kortaveltu í júlí var í flokki farþegaflutninga eða 29,5% eða 975 milljónir króna. Standa farþegaflutningar þannig að baki tveimur þriðju hlutum vaxtar erlendra kortaveltu í mánuðinum. Hluti starfsemi innlendra flugfélaga fer fram erlendis og því óvíst að allur sá veltuvöxtur tengist ferðamönnum sem sækja Ísland heim.

Greiðslukortavelta gististaða jókst um 9,5% í júlí síðastliðnum og nam 6,9 milljörðum króna í mánuðinum, 596 milljónum meira en í sama mánuði 2016. Gistináttatölur Hagstofunnar fyrir júlí hafa ekki verið birtar þegar þetta er skrifað

en ef tekið er mið af verðvísitölu gistingar í Vísitölu neysluverðs hækkaði verðlag gististaða um 3,3% og er magnbreytingin því 5,9%.

Erlendir ferðamenn greiddu 3,1% minna í verslun í júlí síðastliðnum borið saman við júlí 2016. Mestur var samdrátturinn í minjagripaverslun en hún minnkaði um 18,3% frá sama mánuði í fyrra. Þá dróst tollfrjáls verslun saman um 7,3% og önnur verslun um 11%. Aukning var í tveimur flokkum verslunar, dagvöruverslun 11% og fataverslun 2%.

Erlend kortavelta veitingastaða nam 3,7 milljörðum í júlí síðastliðnum eða um 4,1% meira en í júlí í fyrra. Vöxturinn nemur 147 milljónum króna á milli ára. Greiðslukortavelta í flokknum *ýmis ferðaþjónusta* sem meðal annars inniheldur þjónustu ferðaskrifstofa og ýmsar skipulagðar ferðir jókst um 4,8% á milli ára og nam 4,6 milljörðum í júlí síðastliðnum. Þá nam greiðslukortavelta bílaleiga ríflega þremur milljörðum í júlí eða 7,6% meira en í júlí í fyrra.

<i>júlí</i>	2016 (millj. kr.)	2017 (millj. kr.)	12 mán. Breyting (%)
Alls	31.685	33.173	4,7
1 Gistiþjónusta	6.306	6.902	9,5
2 Veitingaþjónusta	3.540	3.687	4,1
3 Farþegaflutningar	3.302	4.278	29,5
4 Ýmis ferðaþjónusta	4.428	4.639	4,8
5 Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða	1.596	1.680	5,3
6 Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	2.830	3.054	7,9
7 Menningar-, affreyningar og tómstundastarfsemi	945	1.007	6,6
8 Ýmis önnur þjónusta	1.314	1.218	-7,3
9 Verslun	4.769	4.620	-3,1
10 Opinber gjöld o.fl.	38	54	42,3
20 Úttektir á reiðufé	2.617	2.034	-22,3

## **Talnaefni**

## Kortavelta eftir þjóðerni

Ef miðað er við fjölda erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll greiddi hver þeirra að jafnaði með greiðslukorti sínu fyrir 122 þús. kr. í júlí, eða um 2% minna en í júní. Það er um 9% lægri upphæð en í sama mánuði í fyrra.

Ferðamenn frá Sviss greiddu að jafnaði hæstar fjárhæðir með greiðslukortum sínum í júlí eða 170 þús. kr. á hvern ferðamann. Bretar eru í öðru sæti með 160 þús. kr. á hvern ferðamann. Norðmenn koma þar næst með 141 þús. kr. á mann.


Velta eftir þjóðernum ræðst meðal annars af því hversu löng dvölin hér á landi er og hvort greitt hafi verið fyrir ferðina áður en komið er til landsins auk þess sem mismunandi er í hve

miklum mæli ferðamenn greiða með greiðslukortum. Þá þarf að hafa í huga að tölur um fjölda ferðamanna um Keflavíkurflugvöll ná ekki til allra þeirra sem koma til landsins.

Í því talnaefni sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur yfir að ráða er nánar hægt að greina kortaveltu erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum og þjóðerni.

júlí, 2017	Meðalvelta á ferðamann (þús. kr.)
Alls	122
Bandaríkin	122
Bretland	160
Danmörk	122
Finnland	77
Frakkland	118
Holland	129
Ítalía	107
Japan	109
Kanada	117
Kína	73
Noregur	141
Pólland	27
Rússland	129
Spánn	111
Sviss	170
Svíþjóð	86
Þýskaland	100
Önnur lönd	155

## Greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann eftir mánuðum



### Um kortaveltu ferðamanna

Rannsóknasetur verslunarinnar birtir mánaðarlega tölur um greiðslukortaveltu ferðamanna sundurliðaða eftir útgjaldaliðum og útgáfulandi korta. Gögnunum er enn fremur skipt eftir því hvort um er að ræða erlend eða innlend greiðslukort. Gögnin innihalda færslur bæði debet- og kreditkorta. Birtar eru upphæðir í íslenskum krónum ásamt hlutfallsbreytingum frá fyrri mánuði og sama mánuði fyrra árs.

Gögnin eru fengin frá innlendum færsluhirðingaraðilum, sundurliðuð eftir svonefndum MCC kóðum. MCC kóðarnir eru aftur greindir í flokka eftir því hvernig þeir eru taldir tengjast mismunandi greinum ferðaþjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson, [arni@bifrost.is](mailto:arni@bifrost.is) eða í síma 868-4341.